

Agastefna Iðavallar

Gildi Iðavallar eru m.a. virðing og vellíðan. Þættir agastefnunnar ríma við þau og er grunnurinn sá að börn á leikskólaaldri eru enn að læra muninn á réttu og röngu og það er hlutverk okkar fullorðnu að kenna þá færni sem þau þurfa að hafa. Það er mikilvægt fyrir okkur að finna ástæðuna fyrir óæskilegri hegðun svo við getum leiðbeint börnum og kennt æskilega hegðun. Félagsfærniþjálfun er mikilvægur þáttur í aga. Því leggjum við áherslu á að kenna börnum samskiptafærni- tilfinninga- og reiðistjórnun, með því að leiðbeina þeim að setja mörk, leysa vandamál og finna lausnir og aðra færni sem öllum er nauðsynleg. Gott samstarf heimilis og skóla er grundvallaratriði til að stuðla að jákvæðri hegðun og leggjum við ríka áherslu á það.

Tilgangur agastefnu Iðavallar er að styrkja starfsfólk við að veita uppbyggilega leiðsögn og að samræma vinnubrögð. Við leggjum okkur fram við að fyrirbyggja erfiða hegðun og auka jákvæða hegðun. Áhersla er lögð á að styrkja og ýta undir jákvæða hegðun. Virðing, sköpun og vellíðan eru gildi Iðavallar og samræmast þau þáttum agastefnunnar: **Virðing**, **vellíðan** og **fyrirmæli**. Agastefnan er einnig gerð til að auka sameiginlegan skilning starfsfólks og foreldra á því hvað getur orsakað óæskilega hegðun, hvernig bregðast má við og hvernig má fyrirbyggja slíka hegðun. Við erum fyrirmyndir með jákvæðri hegðun fyrir börnin. Við gefum valkosti þegar það á við þar sem val gefur börnum ákveðið frumkvæði og sjálfstæði og stuðlar að vellíðan. Við gefum skýr skilaboð og endurtökum fyrirmæli, hunsum neikvæða hegðun, biðjum barnið að endurtaka fyrirmælin, vekjum athygli á jákvæðri hegðun, sýnum ávallt umhyggju og biðjum annað starfsfólk um aðstoð – skiptum um hlutverk í erfiðum aðstæðum. Við virðum margbreytileikann, styrkleika og veikleika hvers og eins og sömuleiðis tilfinningar okkar og annarra. Virðum tímann sem börn þurfa til þess að læra. Börn eru að læra boðskipti og samskipti og þurfa tækifæri til þess að æfa sig og læra í öllum aðstæðum.

Agastefnan byggir á bókinni Positive behaviour management in early years settings; an essential guide eftir Liz Williams



Allir geta eitthvað – enginn getur allt! Gerum eins vel og við getum!

Hvernig störfum við!

Virðing

Virðing er mikilvæg öllum í daglegu lífi og við viljum sjá jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu. Virðing fyrir sjálfum sér, hvert öðru og umhverfinu okkar. Félagssfærnisögur er gott verkfæri sem við notum til þess að leggja inn æskileg samskipti. Við hlustum á það sem aðrir hafa að segja, einn talar í einu og við bíðum. Beitung virkri hlustun.

Vellíðan

Til að auka vellíðan allra í leikskólanum tökum við tillit til annarra, hjálpumst að og skiptumst á. Bína bálreiða er gott verkfæri þegar kemur að góðum, uppbyggilegum og jákvæðum samskiptum. Við leikum saman en setjum líka mörk því það að setja mörk er mikilvægur þáttur í að líða vel.

Fyrirmæli

Í daglegu starfi er mikið um að vera í leikskólanum og til að börnin geti verið virkir þátttakendur er nauðsynlegt að þau læri að fara eftir fyrirmælum. Starfsfólk er mikilvægar fyrirmyndir og skiptir miklu máli hvernig við berum fyrirmælin fram svo börnum líði vel með að skipta á milli athafna. Mikilvægt er að gefa stutt og skýr fyrirmæli og segja börnum hvað á að gera í stað þess sem má ekki gera. Í þeim tilfellum sem barn hefur ekki val notum við boðhátt í viðeigandi tónfalli t.d. Komdu út eða Nú eiga allir að koma að borða. Hunsum neikvæða hegðun. Í þeim tilfellum sem hunsun er ekki möguleg er barni gefið tækifæri á að bæta hegðun sína. Ef það reynist árangurslaust þarf barnið að víkja úr aðstæðunum þar til það er sjálft tilbúið að fylgja reglum/fyrirmælum. Barni er gefið tækifæri á að bæta/leiðrétta óæskilega hegðun sína. Við bjóðum börnum val á milli tveggja kosta, ef barnið velur ekki velur starfsfólk fyrir það. Stundum er valið á milli þess að gera eitthvað sjálf/ur eða að fá aðstoð. Starfsfólk fer með barni úr aðstæðum og gefur því tækifæri á að jafna sig og ræða hegðunina. Þegar fyrirmælum og aga er fylgt eftir er ávallt er tekið mið af þroska barna, aldri og aðstæðum hverju sinni.

Orðin okkar!

Glæsilegt hjá þér!
Þegar þú ert tilbúin!
Nú skalt þú æfa þig!
Þú hefur val!
Viltu aðstoð!
Nú er þetta í boði!
Nú er gott að stoppa og hugsa!
Sýndu virðingu!
Gott að þú hafðir stjórn á þér!
Ertu að gleyma þér!
Við erum góð við hvert annað
Vel gert!